

## **205. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

**10. ágúst 2011, kl. 9:00, Austurvegi 56**

Mætt: Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, og Guðmundur Tryggvi Ólafsson. Óskar Sigurðsson lögfræðingur kom á fundinn.

- 1. Krafa Umhverfisstofnunar um söfnun hauggass á Kirkjuferjuháleigu.**  
Umhverfisstofnun hefur veitt SOS áminningu fyrir að hafa ekki hafið söfnun hauggass á Kirkjuferjuháleigu, jafnframt óskar stofnunin eftir áætlun um úrbætur. Stjórn SOS felur framkvæmdastjóra að óska eftir fresti hjá UST til að afla gagna og ganga frá áætlun um úrbætur.
- 2. Breytt söfnunar og umhleðslufyrirkomulag á Suðurlandi.**  
Framkvæmdastjóri kynnti breytingar sem orðið hafa á söfnun og umhleðslu úrgangs frá því umhleðslustöð SOS var lokað í júní sl. Mikilvægt er að leita hagkvæmustu leiða við söfnun og meðhöndlun úrgangs og að skráning upplýsinga um magn, tegund og uppruna sé í vel skilgreindum farvegi. Framkvæmdarstjóra falið að vinna með þjónustuaðilum að þróun málsins.
- 3. Önnur mál.**  
Engin

Fundi slitið kl 10:30